

REGLUGERÐ

193

23. des.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkirkauptún, nr. 95 28. maí 1951.

1. gr.

b-liður 15. gr. orðist þannig:

Skip stærri en 12 rúmlestir brúttó, sem ganga eftir föstum auglýstum ferða-áætlunum, greiði 20 aura fyrir hverja brúttó rúmlest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.

c-liður sömu greinar orðist þannig:

Öll önnur skip stærri en 12 smálestir brúttó, sem til hafnarinnar koma, nema herskip (varðskip), skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip sem hafa skírteini sem skemmtiskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 50 aura lestagjald fyrir hverja brúttó rúmlest.

e-liður sömu greinar orðist þannig:

Liggi skip lengur við bryggju en einn sólarhring, ber því að greiða 7 aura á hverja brúttó rúmlest í bryggjugjald, fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

2. gr.

21. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. Aðfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald 2.50 kr. hver 100 kg:
Kornvörur, sykur.
2. flokkur. Gjald 1.50 kr. fyrir hver 100 kg:
Kol, fóðurvörur, áburður.
3. flokkur. Gjald 1.50 kr. hver 100 kg:
Salt.
4. flokkur. Gjald 1.50 hver 100 kg:
Sement.
5. flokkur. Gjald 4.00 kr. hver 100 kg:
Allar vörur, sem ekki heyra undir aðra flokk og greiðast eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald 3.00 kr. hver 100 kg:
Olía og benzín. Hver tunna kr. 6.00.
7. flokkur. Gjald 60 aurar hver tunna:
Tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 60 aurar hvert teningsfet:
Timbur.
9. flokkur. Gjald 75 aurar hvert teningsfet:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir máli.
10. flokkur. Gjald 5 kr. fyrir hvern stórgrip og kr. 1.50 fyrir hverja sauðkind.
11. flokkur. Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

1. Útfluttar vörur.

1. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kjöt.
2. flokkur: Gjald kr. 1.00 hver tunna:
Síld.

- 193** 3. flokkur. Gjald kr. 2.00 hver 100 kg:
 23. des. Mjólk, skyr, hey.
 4. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
 Hraðfrystur fiskur og saltfiskur.
 5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
 Allar vörur, sem reiknast eftir þyngd, ótaldar áður.
 6. flokkur. Gjald kr. 0.60 hvert stykki:
 Umbúðir og tómar tunnur.
 7. Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 23. desember 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

194
 8. des.

AUGLÝSING

um greiðslu á stóreignaskatti.

Skattur á stóreignir samkvæmt lögum nr. 44/1957 féll í gjalddaga 16. ágúst 1958. Ber einstaklingum að greiða skattinn nú þegar í peningum til tollstjórans í Reykjavík og sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykjavíkur.

Til greiðslu á skattinum er gjaldendum, sem greiða eiga yfir 10 000.00 krónur í skatt á stóreignir, heimilt gegn því að greiða á gjalddaga fyrstu 10 000.00 krónurnar og að minnsta kosti 10% af eftirstöðvum, að greiða afganginn með eigin skuldaþréfum, til allt að 10 ára eftir mati ráðuneytisins, tryggðum með veði í hinum skattlögðu eignum.

Skattstofa Reykjavíkur veitir upplýsingar um skuldabréf og veð.

Tilboðum um veð skal skila til skattstofu Reykjavíkur eða sýslumanna og bæjarfógeta eigi síðar en 31. desember næstkomandi.

Eyðublöð fyrir veðtilboð munu innan skamms liggja frammi í skattstofu Reykjavíkur, skrifstofu tollstjóra og hjá sýslumönnum og bæjarfógetum.

Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.